

Alþingi
Erindi nr. P 136/1362
komudagur 20.3.2009



LANDVERND

Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnarskrárnefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

20. mars 2009

Umsögn um frumvarp til stjórnskipunarлага
385. mál/ 136. löggjafarþingi 2008/09


Eins og fram kemur í greinargerð eru fjórar greinar í frumvarpinu sem fjalla um aðgreind atriði og eru án innbyrðis tengsla. Landvernd tjáir sig aðeins um 1. gr. frumvarpsins en þar er lagt til að bætt verði við nýjum efnisákvæðum í stjórnarskrána er varða auðlindamál og umhverfisrétt. Fram kemur einnig í greinargerð að ákvæði um auðlindamál hafi verið ítarlega rædd í störfum stjórnarskrárnefndar á árunum 2005 til 2007 og voru m.a. mótaðar tillögur um stjórnarskrárákvæði um efnið þótt ekki kæmi til þess að frumvarp yrði lagt fram. Landvernd fjallaði einnig um málið á þeim tíma og lagði fram tillögu að orðalagi slíks ákvæðis.

Líta má á stjórnarskrá sem sáttmála þar sem fram koma mikilvæg grunngildi þjóðarinnar. Landvernd fagnar því að frumvarp þetta sem tekur á auðlindamálum og umhverfisrétti skuli lagt fram. Um er að ræða markmiðsákvæði en ætla má að slíkt stjórnarskrárákvæði hafi áhrif á framtíðarlöggjöf og túlkun laga. Hliðstæðu ákvæði hefur á undanförunum árum verið bætt inn í stjórnarskrár Noregs, Svíþjóðar og Finnlands sem gefa fordæmi, enda þjóna slík ákvæði því að bæta réttaröryggi og færa stjórnarskrár landa í nútímalegra horf.

Landvernd telur ekki heppilegt að orðin “á sem hagkvæmastan hátt” séu höfð í 2. mgr. 1.gr. Betur færi að 2. mgr. hljóðaði einfaldlega svo: “Allar náttúruauðlindir ber að nýta á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir. Náttúruauðlindir í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi.” Ástæða þessa er sú að orðið “hagkvæmni” er hvergi skilgreint en það er mikill munur á því hvort átt sé við t.d. arðsemi fyrirtækis sem stendur að nýtingu auðlinda, eða þjóðhagslega hagkvæmni. Í þessu sambandi er vísað í lærdóm sem draga má af ráðstefnu sem Landvernd stóð að í janúar 2009 og bar heitið “Orka og umhverfi: hvernig skal standa að orkunýtingarmálum á Íslandi?” en þar var fjallað um þessi mál. Landvernd styður ákvæði þessarar 1. gr. að öðru leyti.

Í fjórðu grein frumvarpsins er gerð tillaga um stjórnlagabing. Nái frumvarpið fram að ganga verður stjórnarskráin væntanlega endurskoðuð í heild sinni á því þingi, þ.m.t. ákvæði 1.gr. þessa frumvarps.

Fyrir hönd Landverndar


Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar